

Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í júní 2011


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 8. júlí 2011

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í júnímánuði á Akureyri losaði 600 sem er rétt undir meðaltali árána 1998 – 2010, en meðaltalið er 650 frjó í rúmmetra lofts.

Frjótala birkis varð hæst 139 þann 4. júní (sjá myndrit). Birkifrjó eru enn að mælast þó komið sé fram í júlí. Heildarfjöldinn það sem af er þ.e. maí, júní og fjórir dagar í júlí, er ríflega 600 sem er yfir meðaltali. Lítið hefur mælst af öðrum frjögerðum enda gróður mun seinna á ferðinni í ár vegna þrálátrar norðanáttar. Víðitegundir dreifðu frjókornum í fyrri hluta júní og um 20. júní var furan tilbúin að dreifa frjókornum, furufrjó eru enn að mælast.

Grasfrjó komu í frjógildruna um líkt leyti og furufrjóin, þau hafa mælst stopult til þessa og frjótölur eru enn lágar. Heildarfjöldinn í júní var aðeins 7 frjókorn, hefur ekki verið jafnklénn síðan 2001 en þá voru 29 grasfrjó í rúmmetra í júní.

Akureyri 2011




Myndritið sýnir birkifrjó (dökkgrænar súlur), grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu (línan). Hæsta frjótala hjá birki reyndist **139** þann 4. júní. Lítið var um gras- og súrufrjó. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Síðastliðin þrjú ár hefur heildarfjöldi grasfrjóa á Akureyri verið innan við 1000 og þannig var það einnig sumarið 2001. Meðalfjöldinn 1998 – 2010 er ríflega 1400 frjó í rúmmetra. Þó of snemmt sé að spá fyrir um frjósúmaríð 2011 þá er margt sem bendir til að lítið verði um grasfrjó fyrir norðan og Norðurland gæti því í ár orðið griðland þeirra sem þjást af grasofnæmi.



Reykjavík 2011



Myndritið sýnir birkifrjó, grasfrjó, súrfrjó og heildarfrjótölu í júní. Birkifrjó fóru hæst í mánuðinum í 281 þann 5. júní. Grasfrjó mældust stopult framan af mánuðinum en frá 10. júní hafa þau mælst hvern dag. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring. Ath! annar kvarði en á myndriti fyrir Akureyri.

Reykjavík. Heildarfrjöldi frjókorna í júní reyndist sá langhæsti til þessa, 3119 frjó í rúmmetra (meðaltalið fyrir júní er 750 frjó í rúmmetra). Birkifrjó voru langalgengust eins og oftast í júní, eða tæplega 2000. Þau hafa aldrei verið fleiri og tímabil birkifrjóa hefur aldrei verið jafnlangdregið (sjá myndrit) hófst um 20 maí og enn eru birkifrjó að mælast.

Grasfrjó mældust strax 1. júní en hafa verið samfelld í loftinu frá 10. júní. Frjótala grasa fór yfir 10 um Jónsmessu og frá lokum júní hefur frjótalan verið yfir 10 alla daga (ljósgrænar súlur á myndriti) fór yfir 80 þann 5. júlí.

Mest bar á frjókornum af furuætt og rósaætt, starar- og yllifrjóum þegar frjótölur annarra frjögerða eru skoðaðar. Furufrjó hafa aldrei verið jafnmörg og í ár eða nálægt 400 frjó í rúmmetra og eru þau enn að dreifast út í andrúmsloftið.

Júnímánuður var þurrviðrasamur og þó hiti hafi verið undir meðallagi í byrjun þá var síðari hlutinn tiltölulega hlýr og skilyrði til frjódreifingar með besta móti.

Framundan er aðalfrjótími grasa á Íslandi en hámarkið kemur jafnan í síðari hluta júlí eða í byrjun ágústmánaðar. Verði skilyrði til frjódreifingar góð, þ.e. þurrviðrasamt og hæfilegur vindur, má búast við hámarkinu fyrir júlílok syðra, því að nú þegar eru tegundir skriðnar sem oft skríða ekki fyrr en kemur fram í ágúst. Hins vegar er ekki ólíklegt að hámarkið dragist fram í ágúst fyrir norðan eins og reyndin varð í fyrra.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu. Einnig birtast frjótölur birki- og grasfrjóa á vef NÍ (<http://www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2011/>) sem súlur á myndritum strax og frjótölur liggja fyrir. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. frjómælinga fyrri ára, sjá: http://www.ni.is/media/frjomaelingar/Gras_2011.htm

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík 8. júlí 2011

Margrét Hallsdóttir
Netfang mh@ni.is

